

Notkunarleiðbeiningar
Kerfishandbók

Hljóðstýrieining
1287 00

GIRA

Efnisyfirlit

Upplýsingar um kerfið	3
Uppsetningarmöguleikar - skipan	5
Uppbygging innfelldrar útistöðvar	7
Uppbygging utanáliggjandi útistöðvar	8
Uppbygging innfelldrar innistöðvar	9
Samskiptaeiningin	11
Hljóðstýrieiningin	13
Stjórnbúnaður og gaumljós - hljóðstýrieining	14
Tengiklemmur - hljóðstýrieining	16
Uppsetning - hljóðstýrieining	17
Tæknilýsing - hljóðstýrieining	17

Búnaðurinn tekinn í notkun

Kerfið sett í forritunarstillingu	18
Einbýlishús: Kallhnappur á útistöð tengdur við innistöð	19
Fjölbýlishús: Kallhnappar á útistöð tengdir við innistöðvar	20
Tenging hurðaopnara	22
Sjálfstýring hurðaopnara	24
Innistöð tengd með hæðarkallhnappi	26
Innistöðvar tengdar við sama kallhnapp	27
Innistöðvar tengdar við sama hæðarkallhnapp	28
Kallhnappur fyrir innistöð tengdur við innistöð (innanhusshringing)	29
Öllum tengingum innistöðvar eytt	30
Tengingu hurðaopnara eytt	31
Skipt um bilaða kallhnappa á innfelldri útistöð	32
Ljósdióður á BUS-stöðvum	33
Staðfestingartónar BUS-stöðva	34
Tafla fyrir skráningu upplýsinga um tengingar	35
Ábyrgð	37

Gira dyrasímakerfið vinnur með varnarsmáspennu.

Með hljóðstýrieyningunni er hægt að setja upp kerfi með allt að 70 hljóðstöðvum, t.d. 1 innbyggðan hátalara með 5 viðbótareiningum og 68 utanálíggjandi handfrjálsar innistöðvar.

Allt eftir stærð kerfisins er hægt að nota allt að þrjár innistöðvar samhliða fyrir hvern kallhnapp.



Skipulagningarforrit

Á vefslóðinni www.gira.de er hægt að nálgast sérstakt skipulagningarforrit sem nota má til þess að reikna út hámarksstærð kerfisins með nákvæmum hætti.

Á innistöðvum eru mismunandi hringitónar fyrir

- hringingu við dyr (með kallhnappi),
- hringingu á hæð (með hæðarkallhnappi) og
- innanhússhringingu (með kallhnappi fyrir innistöðvar).

Raflögn og leiðslur

Hægt er að nota leiðslur með vírpvermálinu 0,6 eða 0,8 mm sem BUS-leiðslur.

Eftirfarandi gerðir leiðslna henta t.d. sem Bus-leiðslur:

- J-Y(ST)Y (fjarskiptaleiðsla),
- YR (einangruð bjölluleiðsla),
- A-2Y(L)2Y (fjarskiptakapall)

Lengd leiðslna fyrir hljóðbúnað


Heildarlengd leiðslna (deilt á marga strengi) má ekki vera meiri en 700 m.

Ekki má tengja meira en 30 stöðvar við hvern streng.


Hámarkslengd leiðslna í hverjum streng (frá stýrieiningu til síðustu stöðvar) fer eftir þvermáli leiðslunnar sem er notuð. Fyrir hljóðbúnað er hún

- 0,6 mm þvermál: 170 m,
- 0,8 mm þvermál: 300 m.

Lausn með "Greinaskiptingu"




Lausn með "Lykkjutengingu"



Lausnin með "Lykkjutengingu" hefur þann kostinn að ef myndbúnaði er bætt við kerfið síðar þarf ekki að nota mynddeila.

Uppbygging innfelldrar útistöðvar


Innfelld útistöð með þreföldum kallhnappi er hér tekin sem dæmi um meginatriði uppbyggingar innfelldrar útistöðvar.



- 1 Samskiptaeining
- 2 Tengikapall fyrir hljóð
- 3 Talgrunnur
- 4 Neðri hluti TX_44-ramma
(fylgir ekki með)
- 5 Hátalari
- 6 Efri hluti TX_44-ramma
(fylgir ekki með)
- 7 Kallhnappalok
- 8 Þrefaldur kallhnappur

Uppbygging utanálggjandi útistöðvar


Utanálggjandi útistöð með þreföldum kallhnappi er hér tekin sem dæmi um meginatriði uppbyggingar utanálggjandi útistöðvar.



- 1 Neðri hluti húss
- 2 Þrefaldur kallhnappur
- 3 Talhlíf
- 4 Op fyrir leiðslu
- 5 Þéttihringur
- 6 Tengiklemmur
- 7 Hús
- 8 Kallhnappalok

Uppbygging innfelldrar innistöðvar


Komfort innistöð með tóli er hér tekin sem dæmi um meginatriði uppbyggingar innfelldrar innistöðvar.



- 1 Grunnur fyrir tól
- 2 Tóm grunneining
- 3 Tengikapall fyrir hljóð
- 4 Samskiptæining
- 5 Rammi (fylgir ekki með)
- 6 Stjórnhnappur
- 7 Tólhalda
- 8 Tól
- 9 Tólhalda með rauf fyrir snúru
- 10 Snúra tólsins

Uppbygging utanálggjandi handfrjálsu innistöðvarinnar

Myndin hér fyrir neðan sýnir uppbyggingu utanálggjandi handfrjálsu innistöðvarinnar.




- 1 Uppsetningarplata
- 2 Festigöt fyrir uppsetningu á vegg
- 3 Tvöfaldur óskiptur rammi
(ramminn fylgir ekki með, uppsetning án ramma er aðeins möguleg ef sett er upp á vegg)
- 4 Festigöt fyrir uppsetningu í dós
- 5 Hús
- 6 Stjórnhnappar

Innfelldar útgáfur úti- og innistöðva eru tengdar við tveggja víra Bus með samskiptaeiningunni.

Á samskiptaeiningunni eru eftirfarandi tengi:

BUS

Með BUS-klemmunum er stöðin tengd við tveggja víra Bus. Ekki þarf að gæta að pólun við tenginguna þar sem Bus dyrasímakerfisins er óháður pólun.



Hæðarkallhnappur (ET)

Á innistöðvum er hægt að tengja hvaða hnapp sem er (lokunarsnertu) við ET-klemmurnar sem hæðarkallhnapp.

Á útistöðvunum er til dæmis hægt að tengja vélrænan bjöllufofa (lokunarsnertu) við. Við gangsetningu og síðari notkun kerfisins virkar hann þá eins og kallhnappur úr Gira dyrasímakerfinu.

Leiðslan á milli vélræna rofans og samskiptaeiningarinnar má ekki vera lengri en 20 metrar.

Aukaspennugjafi (ZV)

ZV-klemmurnar gegna tvenns konar hlutverki:

1. Spennugjafi fyrir lýsingu kallhnappa á útistöðvum.
Kallhnappar á útistöðvum eru stöðugt upplýstir. Ef slökkva á varanlega á lýsingu kallhnappa verður að fjarlægja lykkjurnar milli Bus- og ZV-klemmu.
2. Aukaspennugjafi fyrir Bus-stöðvar sem ekki er lengur hægt að sjá fyrir spennu um tveggja víra Bus.



Tenging aukaspennugjafa

Ef aukaspennugjafi er tengdur við ZV-klemmurnar verður að fjarlægja lykkjurnar.

Kerfi

Með þessum tengjum eru innfelldu grunneiningarnar tengdar saman með sex póla tengikapli fyrir hljóð.

Mynd

Með tveggja póla tenginu er samskiptaeiningin tengd við innfelldar grunneingar myndbúnaðar eins og TFT-litaskjás eða litmyndavélar.



Gúmmítappar á tengjum

"Hinum" tengjunum er lokað með gúmmítappa. Þegar nota þarf tengin eru tapparnir teknir úr.


Hljóðstýrieiningin er miðlæg eining sem sér Gira dyrasímakerfinu fyrir rafmagni.

Hljóðstýrieiningin gegnir eftirfarandi hlutverkum í Gira dyrasímakerfinu:

- Hún sér dyrasímakerfinu fyrir Bus-spennu (26 V DC $\pm$ 2 V).
- Hún er spennugjafi fyrir lýsingu kallhnappa (hám. 15, fjöldi kallhnappa sem hægt er að lýsa upp fer eftir stærð kerfisins og því hversu margar innistöðvar eru notaðar samhliða).
- Hún virkjar hurðaopnara og sér honum fyrir rafspennu (12 V AC, 1,6 A).
- Hún er spennugjafi fyrir símstöðvargátt.
- Hún setur allt Bus-dyrasímakerfið í forritunarstillingu.

Aðrir eiginleikar stýrieiningarinnar:

- Að hámarki 70 tengdar stöðvar, t.d.
1 innbyggður hátalari með 5 viðbótareiningum,
68 utanáliggjandi innistöðvar.
- Allt eftir stærð kerfisins er hægt að nota allt að þrjár innistöðvar samhliða.
- Rafeindavörn gegn yfirálagi og skammhlaupum.
- Rafeindavörn gegn yfirhita.
- Ljósdióða fyrir yfirálag/skammhlaup.
- Ljósdióða sem sýnir hvort spenna frá rafkerfi hússins sé fyrir hendi.
- Stillanlegur virkjunartími hurðaopnara.



Hnappurinn "Systemprogr." ("Kerfisforr.")

Með því að halda hnappinum "Systemprogr." inni (í 3 sekúndur) er dyrasímakerfið sett í forritunarstillingu.

Pegar forritunarstillingin er virk blikkar gula ljósdíóðan við hliðina á forritunarhnappinum (sjá bls. 18).

Hnappurinn "Türöffnerprogr." ("Hurðaoopnaraforr.")

Hnappurinn "Türöffnerprogr." gegnir tvenns konar hlutverki:

1. Forritunarstilling hurðaoopnara virkjuð:

Með því að halda hnappinum "Türöffnerprogr." inni í 3 sekúndur á meðan kerfið er í forritunarstillingu er forritunarstilling hurðaoopnara virkjuð (sjá bls. 22).

Pegar forritunarstilling hurðaoopnara er virk blikkar gula ljósdíóðan við hliðina á hnappinum "Türöffnerprogr.".

2. Tengdum hurðaoopnara beitt.

Pegar stutt er snöggt á hnappinn "Türöffnerprogr." er hurðaoopnarinn virkjaður í innstilltan tíma (hurðaoopnatíma). Á meðan aðgerðin stendur yfir logar gula ljósdíóðan við hliðina á hnappinum "Türöffnerprogr.".

Stillirinn "Türöffnerzeit" ("Hurðaðopnaratími")

Með stillinum "Türöffnerzeit" er virkjunartími hurðaðopnarans stilltur. Hægt er að stilla á tíma á bilinu 1 sek. til 10 sek. Hægt er að stilla spennudeilinn með skrúfjární með 3 mm blaði.

Ljósdióðan "Betrieb" ("Virkni")

Við venjulega notkun án truflana logar aðeins á grænu ljósdióðunni "Betrieb". Hún gefur til kynna að búnaðurinn fái spennu frá rafkerfi hússins.

Ljósdióðan "Überlast" ("Yfirálag")

Hljóðstýrieiningin er með rafeindavörn gegn yfirálagi sem ver rafeindabúnað stýrieiningarinnar gegn skammhlaupum og yfirálagi á Bus-leiðslunni.

Yfirálagsvörnin verður til dæmis virk þegar skammhlaup verður í Bus-leiðslu vegna mistaka við uppsetningu eða þegar of mörg tæki hafa verið tengd við Bus.

Rauða ljósdióðan "Überlast" gefur bæði til kynna skammhlaup og yfirálag. Ljósdióðan blikkar eins lengi og spennan er tekin af Bus vegna bilunar. Þegar gert hefur verið við bilunina blikkar ljósdióðan áfram í allt að 20 sekúndur.

Ef um er að ræða stöðugt yfirálag (eða skammhlaup) er Bus-spennan tekin af í u.þ.b. 180 sekúndur í þriðja sinn sem yfirálag greinist. Á meðan spennan er ekki á blikka ljósdióðurnar "Systemprogr.", "Türöffnerprogr." og "Überlast".

Þegar gert hefur verið við bilunina blikka ljósdióðurnar áfram í allt að 180 sekúndur.

L, N

Rafmagnstengiklemmur L og N (AC 230 V, 50 Hz).


Bus

Útgangur til þess að sjá Bus dyrasímakerfisins fyrir stýrðri jafnspennu (26 V DC $\pm$ 2 V, 160 mA).


12 V~

12 V~ útgangurinn er t.d. notaður sem spennugjafi fyrir hurðaopnara (straumnotkun hurðaopnara er að hámarki 1,6 A) eða fyrir símstöðvargátt.

Liði hurðaopnara



Liðaútgangur til þess að virkja hurðaopnara (8 - 12 V AC, hámm. 1,6 A).



Ef hurðaopnari hefur önnur rafmagnsgildi (t.d. mjög lítið viðnám eða 24 V) er hægt að tengja hann með öðrum spennugjafa við snertuna.



Athugið

Eingöngu rafvirkjum er heimilt að annast ísetningu og uppsetningu raftækja.


Til þess að uppsetningin sé varin gegn vatni sem drýpur eða skvettist skal festa stýrieininguna á DIN-skinnu í tengigrind. Rafmagns- og Bus-tenging fer fram með skrufklemmum. Við tengingu við rafkerfi hússins verður að nota alpóla aðalrofa með minnst 3 mm snertuopi. Loftraufarnar á stýrieiningunni verða að vera opnar.

Tæknilýsing - hljóðstýrieining

Inngangsmálsþenna:	AC 230 V, 50 Hz
Útgangsmálsþenna:	SELV 26 V DC $\pm$ 2 V
Útgangsmálstraumur:	160 mA stöðugt álag Yfirálagsrof frá u.þ.b. 350 mA 550 mA toppálag (hám. 5 sek.)
Afl:	47 VA
Varnarflokkur:	IP 20
Skrufklemmur:	0,6 mm Ø til 2,5 mm ²
Útgangur hurðaopnara:	12 V AC, 1,6 A
Virkjunartími hurðaopnara:	25% (hám. 10 sek. Á, síðan 30 sek. AF)
Álagsþol snertu (liðaútgangur):	30 V AC, 2 A
Hurðaopnaratími:	hægt að stilla á bilinu 1 sek. til 10 sek.
Hitasvið:	- 5 °C til + 45 °C
Mál:	30,3 cm breitt DIN-skinnuhús

Kerfið sett í forritunarstillingu

Þegar Gira dyrasímakerfið er tekið í notkun er það sett í forritunarstillingu:



1. Haldið hnappinum "Systemprogr." á **stýrieiningunni** inni í 3 sekúndur.

- ✓ Gula ljósdíóðan við hliðina á forritunarhnappinum blikkar (blikktíðni 1 Hz) þegar stutt hefur verið á hnappinn og gefur þannig til kynna að forritunarstillingin sé virk.

Verður kerfið þá í forritunarstillingu í u.þ.b. 7 mínútur. Þegar verið er að taka kerfið í notkun og stutt er á hnapp á úti- eða innistöð er tímalengdin aftur stillt á um 7 mínútur í hvert sinn.



Ljósdíóður á BUS-stöðvum

Það að forritunarstillingin sé virk er einnig gefið til kynna með ljósdíóðum á ýmsum BUS-stöðvum, s.s. handfrjálsu innistöðinni, Komfort innistöðinni með tóli eða utanálíggjandi handfrjálsu innistöðinni.

Yfirlit yfir ljósdíóður er að finna á bls. 33.

Farið úr forritunarstillingu



1. Styðjið snögg á hnappinn "Systemprogr." á **stýrieiningunni** til þess að fara úr forritunarstillingu.

- ✓ Gula ljósdíóðan slokknar.


Skráning upplýsinga um tengingar

Skráið niður upplýsingar um það hvaða innistöðvar eru tengdar við hvaða kallhnappa í töflunni á bls. 35.

Þar skal færa inn nöfnin eða íbúðirnar í þeirri röð sem tengja á innistöðvarnar með síðar.

Einbýlishús: Kallhnappur á útistöð tengdur við innistöð

Kallhnappur á útistöð er tengdur við innistöð með eftirfarandi hætti:



1. Haldið hnappinum "Systemprogr." á **stýrieiningunni** inni í 3 sekúndur til þess að fara í forritunarstillingu (sjá bls. 18).



2. Haldið kallhnappinum á **útistöðinni** inni í 3 sekúndur, eða þar til stuttur staðfestingartónn heyrst.



- ✓ Þá heyrst langur staðfestingartónn.



Sleppa verður hnappinum að 3 sekúndum liðnum

Ef hnappinum er ekki sleppt þegar fyrsti staðfestingartónninn heyrst og honum haldið inni í 3 sekúndur til viðbótar verður öllum tengingum viðkomandi úti- eða innistöðva eytt.



3. Haldið hnappinum á **innistöðinni** inni í 3 sekúndur, eða þar til stuttur staðfestingartónn heyrst.



- ✓ Langur staðfestingartónn gefur til kynna að tengingin hafi farið rétt fram.
- Ef þrír stuttir staðfestingartónar heyrast hefur tengingin ekki farið rétt fram. Verið getur að minni innistöðvarinnar sé þegar fullt. Mest er hægt að tengja 10 kallhnappa við eina innistöð (mest 15 kallhnappa við utanáliggjandi handfrjálssa innistöð).




4. Styðjið á hnappinn "Systemprogr." á **stýrieiningunni** til þess að fara úr forritunarstillingu.

5. Athugið hvort búnaðurinn virki rétt.

Fjölbýlishús: Kallhnappar á útistöð tengdir við innistöðvar

Kallhnappar á útistöðvum eru tengdir við viðkomandi innistöðvar með eftirfarandi hætti:



1. Haldið hnappinum "Systemprogr." á **stýrieiningunni** inni í 3 sekúndur til þess að fara í forritunarstillingu (sjá bls. 18).



2. Haldið kallhnöppunum á **útistöðinni** inni í 3 sekúndur, eða þar til stuttur staðfestingartónn heyrst.

Mikilvægt: Styðjið á kallhnappana í þeirri röð sem tengja á innistöðvarnar með síðar.



- ✓ Þá heyrst langur staðfestingartónn.



Sleppa verður hnappinum að 3 sekúndum liðnum

Ef hnappinum er ekki sleppt þegar fyrsti staðfestingartónninn heyrst og honum haldið inni í 3 sekúndur til viðbótar verður öllum tengingum viðkomandi úti- eða innistöðva eytt.



3. Farið að **innistöðinni** fyrir þann kallhnapp sem **fyrst** var stutt á á útistöðinni.

Haldið hnappinum  á þessari **innistöð** inni í 3 sekúndur, eða þar til stuttur staðfestingartónn heyrst.



- ✓ Langur staðfestingartónn gefur til kynna að tengingin hafi farið rétt fram.
Ef þrír stuttir staðfestingartónar heyrast hefur tengingin ekki farið rétt fram. Verið getur að minni innistöðvarinnar sé þegar fullt. Mest er hægt að tengja 10 kallhnappa við eina innistöð (mest 15 kallhnappa við utanáliggjandi handfrjálsa innistöð).



4. Farið að **innistöðinni** fyrir þann kallhnapp sem **næst** var stutt á á útistöðinni.
Haldið hnappinum  á þessari **innistöð** inni í 3 sekúndur, eða þar til stuttur staðfestingartónn heyrir.



- ✓ Langur staðfestingartónn gefur til kynna að tengingin hafi farið rétt fram.



5. Farið að næstu **innistöðvum** og haldið þar hnappinum  inni í 3 sekúndur, eða þar til stuttur staðfestingartónn heyrir.



- ✓ Langur staðfestingartónn gefur til kynna að tengingin hafi farið rétt fram.



6. Þegar lokið hefur verið við að tengja allar innistöðvarnar skal styðja á hnappinn "Systemprogr." á **stýrieiningunni** til þess að fara úr forritunarstillingu.

7. Athugið hvort búnaðurinn virki rétt.



Hámarksfjöldi kallhnappa í hverju vinnuskrefi

Mest er hægt að tengja 20 kallhnappa í hverju vinnuskrefi. Ef tengja á meira en 20 kallhnappa verður að byrja á því að styðja á fyrstu 20 kallhnappana og tengja þá svo við innistöðvarnar. Að því loknu er hægt að tengja þá kallhnappa sem eftir eru.

Hurðaðopnarinn sem tengdur er við stýrieininguna er tengdur við útistöð við "aðaldyr". Hann er virkjaður þegar stutt er á hnappinn ☞ á innistöðvum, án þess að svara þurfi hringingu fyrst.

Hurðaðopnari "aukadyra" er tengdur við rofaliðann. Hægt er að virkja hann með hnappinum ☞ ef fyrst hefur verið hringt við útistöð "aukadyra". Tveimur mínútum eftir að hringt er við dyr eða 30 sekúndum eftir að samtali lýkur er skipt aftur yfir á "aðaldyr".

Hurðaðopnari tengdur við "aðaldyr"

Hurðaðopnarinn sem tengdur er við stýrieininguna er forritaður fyrir viðkomandi útistöð með eftirfarandi hætti:




1. Haldið hnappinum "Systemprogr." á **stýrieiningunni** inni í 3 sekúndur til þess að fara í forritunarstillingu (sjá bls. 18).



2. Haldið hnappinum "Türöffnerprogr." á **stýrieiningunni** inni í 3 sekúndur til þess að fara í forritunarstillingu hurðaðopnara.

✓ Ljósdióðan við hliðina á hnappinum "Türöffnerprogr." blikkar.



3. Haldið einhverjum kallhnappi á **útistöðinni** inni í 3 sekúndur, eða þar til stuttur staðfestingartónn heyrir.

✓ Langur staðfestingartónn gefur til kynna að tengingin hafi farið rétt fram.

Auk þess er hurðaðopnarinn sem tengdur er við stýrieininguna virkjaður í þann tíma sem stilltur var inn.

Til þess að tengja fleiri útistöðvar (hám. 3) við hurðaðopnarann skal endurtaka skref 3 á næstu útistöð.



4. Styðjið á hnappinn "Türöffnerprogr." á **stýrieiningunni** til þess að fara úr forritunarstillingu hurðaðopnara.



5. Styðjið á hnappinn "Systemprogr." á **stýrieiningunni** til þess að fara úr forritunarstillingu.

Hurðaðopnari tengdur við "aukadyr"

Hurðaoþnarin sem tengdur er við rofaliðann er forritaður fyrir viðkomandi útistöð með eftirfarandi hætti:



1. Haldið hnappinum "Systemprogr." á **stýrieiningunni** inni í 3 sekúndur til þess að fara í forritunarstillingu (sjá bls. 18).



2. Stöðjið endurtekið á hnappinn "Funktion" á **rofaliðanum** þar til ljósdíóðan "Türöffner" ("Hurðaoþnari") blikkar.



3. Haldið hnappinum "Progr." á **rofaliðanum** inni í 3 sekúndur, eða þar til gula ljósdíóðan við hliðina á hnappinum "Progr." blikkar.



4. Haldið einhverjum kallhnappi á **útistöðinni** inni í 3 sekúndur, eða þar til stuttur staðfestingartónn heyrst.



Sleppa verður hnappinum að 3 sekúndum liðnum

Ef hnappinum er ekki sleppt þegar fyrsti staðfestingartónninn heyrst og honum haldið inni í 3 sekúndur til viðbótar verður öllum tengingum viðkomandi úti- eða innistöðva eytt.



✓ Langur staðfestingartónn gefur til kynna að tengingin hafi farið rétt fram. Hurðaoþnarin er þá virkjaður í þann tíma sem stilltur var inn.

Til þess að tengja fleiri útistöðvar við sama hurðaoþnara skal endurtaka skref 4 á næstu útistöð.



5. Stöðjið snögg á hnappinn "Progr." á **rofaliðanum** til þess að taka rofaliðann úr forritunarstillingu.

✓ Ljósdíóða hnappsins "Progr." slokknar. Ljósdíóða aðgerðarinnar sem síðast var valin (hér "Hurðaoþnari") heldur áfram að blikka þar til forritunarstillingin er tekin af á stýrieiningunni.



6. Stöðjið á hnappinn "Systemprogr." á **stýrieiningunni** til þess að fara úr forritunarstillingu.





Handfrjáls innistöð og Komfort innistöð

"Sjálfstýring hurðapnara" er aðeins í boði fyrir handfrjálsu innistöðina og Komfort innistöð með tóli.

Sjálfstýring hurðapnara er m.a. notuð á læknaðstofum, ef virkja á hurðapnarann sjálfkrafa eftir að stutt er á kallhnapp á útistöð. Þegar sjálfstýring hurðapnara er virk er hurðapnarinn sem tengdur er við útistöðina sem hringt er frá virkjaður u.þ.b. 4 sekúndum eftir að stutt er á kallhnappinn. Ef fleiri en ein útistöð er í dyrasímakerfinu virkar sjálfstýringin sjálfkrafa á hurðapnarann á útistöðinni sem hringt var á. Opna þarf fyrir sjálfstýringu hurðapnara áður en hægt er að nota þennan eiginleika:


Opnað/lokað fyrir "Sjálfstýringu hurðapnara"



1. Haldið hnappinum "Systemprogr." á **stýrieiningunni** inni í 3 sekúndur til þess að fara í forritunarstillingu (sjá bls. 18).
2. Haldið hnöppum  og  á **innistöðinni** báðum inni í einu í u.þ.b. 3 sekúndur. Með því að beita hnöppunum með þessum hætti er opnað og lokað fyrir sjálfstýringu hurðapnara.
 - ✓ Ef ljósdíóðan  logar **lengi** til staðfestingar hefur verið **opnað** fyrir "Sjálfstýringu hurðapnara".
 - Ef ljósdíóðan  logar **stutt** til staðfestingar hefur verið **lokað** fyrir "Sjálfstýringu hurðapnara".
3. Styðjið á hnappinn "Systemprogr." á **stýrieiningunni** til þess að fara úr forritunarstillingu.


Ef opnað hefur verið fyrir "Sjálfstýringu hurðaopnara" er hægt að virkja þennan eiginleika eftir þörfum á innistöðinni með eftirfarandi hætti:

Sjálfstýring hurðaopnara gerð virk



1. Haldið hnöppum  og  á **innistöðinni** báðum inni í einu í u.þ.b. 3 sekúndur til þess að gera sjálfstýringu hurðaopnara virka.
- ✓ Þegar sjálfstýring hurðaopnara hefur verið gerð virk logar ljósdíóðan  stöðugt. Hurðaopnarinn er þá virkjaður sjálfkrafa þegar stutt er á kallhnapp á útistöð.

Sjálfstýring hurðaopnara gerð óvirk



1. Haldið hnöppum  og  á **innistöðinni** báðum inni í einu í u.þ.b. 3 sekúndur til þess að gera sjálfstýringu hurðaopnara óvirka.
- ✓ Ljósdíóðan  slokknar. Sjálfstýring hurðaopnara er þá ekki lengur virk.




Virgni eftir rafmagnsleysi

Áfram er opið fyrir sjálfstýringu hurðaopnara eftir rafmagnsleysi.

Af öryggisástæðum er sjálfstýring hurðaopnara gerð óvirk þegar rafmagnið fer af og þarf þá að gera hana virka aftur.

Innistöð tengd með hæðarkallhnappi

Ef ekki er hægt að komast inn í íbúð þegar verið er að taka kerfið í notkun er einnig hægt að tengja innistöðina með tengdum hæðarkallhnappi:



1. Haldið hnappinum "Systemprogr." á **stýrieiningunni** inni í 3 sekúndur til þess að fara í forritunarstillingu (sjá bls. 18).



2. Á **útistöðinni** skal halda kallhnappinum sem tengja á við innistöðina inni í 3 sekúndur, eða þar til stuttur staðfestingartónn heyrir.



- ✓ Þá heyrir langur staðfestingartónn.



3. Farið að **hæðarkallhnappi innistöðvarinnar** sem á að tengja.
Haldið hæðarkallhnappinum inni í 3 sekúndur, eða þar til stuttur staðfestingartónn heyrir.



- ✓ Langur staðfestingartónn gefur til kynna að tengingin hafi farið rétt fram.



Aðeins hægt ef innistöðin er tengd beint

Þegar um er að ræða nokkrar hliðtengdar innistöðvar er aðeins hægt að forrita þá innistöð með hæðarkallhnappinum sem tengd er beint við hæðarkallhnappinn.



4. Styðjið á hnappinn "Systemprogr." á **stýrieiningunni** til þess að fara úr forritunarstillingu.

Innistöðvar tengdar við sama kallhnapp

Ef hringja á í fleiri en eina innistöð samtímis með kallhnappi á útistöð er hægt að tengja sama kallhnappinn við fleiri en eina innistöð með eftirfarandi hætti:



1. Haldið hnappinum "Systemprogr." á **stýrieiningunni** inni í 3 sekúndur til þess að fara í forritunarstillingu (sjá bls. 18).



2. Á **útistöðinni** skal halda kallhnappinum sem tengja á innistöðvarnar við inni í 3 sekúndur, eða þar til stuttur staðfestingartónn heyrist.



- ✓ Þá heyrist langur staðfestingartónn.



3. Farið að **fyrstu innistöðinni**.
Haldið hnappinum  inni í 3 sekúndur, eða þar til stuttur staðfestingartónn heyrist.



- ✓ Langur staðfestingartónn gefur til kynna að tengingin hafi farið rétt fram.



4. Farið að **útistöðinni** og haldið kallhnappinum aftur inni í 3 sekúndur.



5. Farið að **næstu (hliðtengdu) innistöðinni**.
Haldið hnappinum  inni í 3 sekúndur, eða þar til stuttur staðfestingartónn heyrist.



- ✓ Langur staðfestingartónn gefur til kynna að tengingin hafi farið rétt fram.

6. Endurtakið vinnuskref 4 + 5 ef tengja á aðra hliðtengda innistöð við kallhnappinn.




7. Styðjið á hnappinn "Systemprogr." á **stýrieiningunni** til þess að fara úr forritunarstillingu.

8. Athugið hvort búnaðurinn virki rétt.

Innistöðvar tengdar við sama hæðarkallhnapp

Ef hringja á í fleiri en eina innistöð samtímis með hæðarkallhnappi er hægt að tengja sama hæðarkallhnappinn við fleiri en eina innistöð með eftirfarandi hætti:



1. Haldið hnappinum "Systemprogr." á **stýrieiningunni** inni í 3 sekúndur til þess að fara í forritunarstillingu (sjá bls. 18).

2. Haldið hæðarkallhnappinum sem tengdur er við **innistöð 1** inni í 6 sekúndur.

Að 3 sekúndum liðnum heyrir stuttur staðfestingartónn. Haldið hnappinum inni í 3 sekúndur til viðbótar, eða þar til langur staðfestingartónn heyrir.

3. Haldið hnappinum  á **innistöð 2** inni í 3 sekúndur, eða þar til stuttur staðfestingartónn heyrir.

✓ Á innistöð 2 gefur langur staðfestingartónn til kynna að tengingin hafi farið rétt fram.

Til þess að tengja fleiri innistöðvar skal endurtaka ferlið frá skrefi 2.

4. Styðjið snögg á hnappinn "Systemprogr." á **stýrieiningunni** til þess að fara úr forritunarstillingu.

5. Athugið hvort búnaðurinn virki rétt. Þegar stutt er á hæðarkallhnappinn hringir á öllum tengdum innistöðvum.



Ekki má hliðtengja hæðarkallhnappinn

Ekki má hliðtengja hæðarkallhnapp við fleiri en eina innistöð.


Kallhnappur fyrir innistöð tengdur við innistöð (innan hússhringing)

Með kallhnappi fyrir innistöðvar (aukabúnaður) er hægt að hringja innan húss. Með innan hússhringingum er hægt að koma á talsambandi milli tveggja innistöðva.

Kallhnappur á innistöð er tengdur við aðra innistöð (t.d. í tómstundarými) með eftirfarandi hætti:



1. Haldið hnappinum "Systemprogr." á **stýrieiningunni** inni í 3 sekúndur til þess að fara í forritunarstillingu (sjá bls. 18).




2. Haldið kallhnappinum á **innistöð 1** inni í 3 sekúndur, eða þar til stuttur staðfestingartónn heyrir.

✓ Þá heyrir langur staðfestingartónn.



Sleppa verður hnappinum að 3 sekúndum liðnum

Ef hnappinum er ekki sleppt þegar fyrsti staðfestingartónninn heyrir og honum haldið inni í 3 sekúndur til viðbótar verður öllum tengingum viðkomandi úti- eða innistöðva eytt.



3. Haldið hnappinum á **innistöð 2** inni í 3 sekúndur, eða þar til stuttur staðfestingartónn heyrir.

✓ Langur staðfestingartónn gefur til kynna að tengingin hafi farið rétt fram.
Ef þrír stuttir staðfestingartónar heyrast hefur tengingin ekki farið rétt fram. Verið getur að minni innistöðvarinnar sé þegar fullt. Mest er hægt að tengja 10 kallhnappa við eina innistöð (mest 15 kallhnappa við utanálíggjandi handfrjálsta innistöð).



4. Stöðjið á hnappinn "Systemprogr." á **stýrieiningunni** til þess að fara úr forritunarstillingu.


5. Athugið hvort búnaðurinn virki rétt.

Öllum tengingum innistöðvar eytt

Tengingu innistöðvar er eytt með eftirfarandi hætti:



1. Haldið hnappinum "Systemprogr." á **stýrieiningunni** inni í 3 sekúndur til þess að fara í forritunarstillingu (sjá bls. 18).



2. Haldið hnappinum  á **innistöðinni** sem eyða á tengingunum fyrir inni í 6 sekúndur. Að 3 sekúndum liðnum heyrir stuttur staðfestingartónn. Haldið hnappinum inni í 3 sekúndur til viðbótar, eða þar til langur staðfestingartónn heyrir.



- ✓ Langi staðfestingartónninn gefur til kynna að tengingunum hafi verið eytt.



3. Styðjið á hnappinn "Systemprogr." á **stýrieiningunni** til þess að fara úr forritunarstillingu.



Aðeins er hægt að eyða tengingum beint

Ekki er hægt að eyða tengingu kallhnapps við innistöð með hæðarkallhnappinum. Aðeins er hægt að eyða tengingunni með hnappinum  á innistöðinni.

Hurðaoptari á hljóðstýrningu

Til þess að eyða tengingunni milli hurðaoptarans sem tengdur er við stýrninguna og útistöðvarinnar skal gera eftirfarandi:



1. Haldið hnappinum "Systemprogr." á **stýrningunni** inni í 3 sekúndur til þess að fara í forritunarstillingu (sjá bls. 18).



2. Haldið hnappinum "Türöffnerprogr." á **stýrningunni** inni í 6 sekúndur til þess að eyða út öllum tengingum stýrningarinnar við útistöðvar.
Eftir 3 sekúndur byrjar ljósdíóðan að blikka. Haldið hnappinum inni í 3 sekúndur til viðbótar, eða þar til ljósdíóðan við hliðina á forritunarhnappinum "Türöffnerprogr." blikkar hratt.



3. Styðjið á hnappinn "Systemprogr." á **stýrningunni** til þess að fara úr forritunarstillingu.

Hurðaoptari á rofaliða

Til þess að eyða tengingunni milli hurðaoptarans sem tengdur er við rofaliðann og útistöðvarinnar skal gera eftirfarandi:



1. Haldið hnappinum "Systemprogr." á **stýrningunni** inni í 3 sekúndur til þess að fara í forritunarstillingu (sjá bls. 18).



2. Haldið hnappinum "Progr." á **rofaliðanum** inni í 6 sekúndur til þess að eyða út öllum tengingum rofaliðans við útistöðvar.
Eftir 3 sekúndur byrjar ljósdíóðan að blikka. Haldið hnappinum inni í 3 sekúndur til viðbótar, eða þar til ljósdíóðan við hliðina á forritunarhnappinum "Progr." blikkar hratt.



3. Styðjið á hnappinn "Systemprogr." á **stýrningunni** til þess að fara úr forritunarstillingu.

Skipt um bilaða kallhnappa á innfeldri útistöð

Hægt er að skipta um bilaða kallhnappa á innfeldum útistöðvum án þess að forrita þurfi allar tengingar upp á nýtt:

1. Skiptið öllum biluðu kallhnöppunum út fyrir nýja.



2. Haldið hnappinum "Systemprogr." á **stýrieiningunni** inni í 3 sekúndur til þess að fara í forritunarstillingu (sjá bls. 18).



3. Haldið einhverjum kallhnappi á **útistöðinni** inni í 6 sekúndur til þess að eyða út öllum tengingum.



4. Til þess að koma tengingunum aftur á skal halda öllum kallhnöppum á **útistöðinni** inni í 3 sekúndur í sömu röð og gert var þegar búnaðurinn var tekinn í notkun.

✓ Hefur þá verið skipt um kallhnappana og fyrri tengingum þeirra komið aftur á. Ekki þarf að framkvæma frekari forritunaraðgerðir á innistöðvunum.



5. Styðjið á hnappinn "Systemprogr." á **stýrieiningunni** til þess að fara úr forritunarstillingu.

6. Athugið hvort búnaðurinn virki rétt.

Ef kallhnapparnir reynast ekki hafa verið tengdir í rétttri röð skal endurtaka ferlið og styðja á kallhnappana í öfugri röð.



Skipt um samskiptaeiningu

Þegar skipt er um samskiptaeiningu verður að taka kerfið í notkun að nýju, þ.e. aðgengi að innistöð eða hæðarkallhnappi þarf að vera fyrir hendi.

Ljósdióður á BUS-stöðvum

Ljósdióðurnar á handfrjálsu innistöðinni, Komfort innistöðinni með tóli, utanáliggjandi handfrjálsu innstöðinni sem og á aukabjöllunni sýna hver staða kerfisins er:

Ljósdióða/ hnappur	Staða kerfis
 eða  blikkar	Forritunarstilling virk – tenging kallhnappa eða aukabjöllu hefur enn ekki farið fram
 eða  logar	Forritunarstilling virk – a.m.k. einn kallhnappur hefur þegar verið tengdur við innistöðina eða aukabjölluna
 logar	Forritunarstilling virk – í minni innistöðvarinnar rúmast 10 kallhnappar (í minni utanáliggjandi handfrjálsu innstöðvarinnar rúmast 15 kallhnappar)
 logar lengi/stutt	Forritunarstilling virk lengi = opnað hefur verið fyrir sjálfstýringu hurðaoptara stutt = lokað hefur verið fyrir sjálfstýringu hurðaoptara
 logar	Sjálfstýring hurðaoptara er virk
 blikkar í 2 mín.	Komfort innistöð með tóli: Gefur innhringingu til kynna
 logar	Komfort innistöð með tóli: Talsambandi hefur verið komið á
 blikkar í 2 mín.	Handfrjáls innistöð og utanáliggjandi handfrjáls innistöð: Gefur innhringingu til kynna
 logar	Handfrjáls innstöð og utanáliggjandi handfrjáls innstöð: Talsamband er á
 logar	Slökkt er á hringitóninum

Staðfestingartónar BUS-stöðva

Í forritunarstillingu er eftirfarandi gefið til kynna með staðfestingartónum:

Staðfestingartónn	Merking
Stuttur tónn	• Þegar tengingu er komið á: Sleppið hnappinum • Þegar tengingum er eytt: Hefur enga merkingu, haldið hnappinum áfram inni
Langur tónn	• Þegar tengingu er komið á: Kallhnappurinn hefur verið tengdur • Þegar tengingum er eytt: Sleppið hnappinum, tengingunni hefur verið eytt
3 stuttir tónar	• Þegar tengingu er komið á: Kallhnappurinn var ekki tengdur* • Minni útistöðvar fyrir tengingar kallhnappa er fullt (hám. 20 kallhnappar) • Við tengingu hurðaopnara: Þegar hafa verið tengdir 3 hurðaopnarar

*Ekki er hægt að tengja kallhnapp ef:

- 10 (15) kallhnappar eru þegar í minni innistöðvarinnar. Í þessu tilviki logar ljósdíóðan  á handfrjálsu innistöðinni, utanáliggjandi handfrjálsu innistöðinni og Komfort innistöðinni með tóli. Mest er hægt að tengja 10 kallhnappa við eina innistöð (mest 15 kallhnappa við utanáliggjandi handfrjálsa innistöð).
- ekki var fyrst stutt á kallhnapp á úti- eða innistöð.
- allir kallhnappar sem stutt var á áður hafa þegar verið tengdir við aðrar innistöðvar.

Tafla fyrir skráningu upplýsinga um tengingar

[illegible]

Kallhnappur (númer / nafn)	Innistöð (nafn / staður / hæð)	Tengt

Söluaðilar annast þjónustu vegna ábyrgðar samkvæmt lagaákvæðum.

Vinsamlegast afhendið eða sendið (án burðargjalds) tæki sem eru í ólagi til viðkomandi söluaðila (sérverslunar/uppsetningaraðila/raftækjaverslunar) og látið fylgja með lýsingu á því sem á bjátar.

Söluaðilinn sendir tækin áfram til Gira Service Center.

Gira
Giersiepen GmbH & Co. KG
Elektro-Installations-
Systeme
Postfach 1220
42461 Radevormwald
Deutschland
Tel +49 (0) 21 95 / 602 - 0
Fax +49 (0) 21 95 / 602 - 191
www.gira.de
info@gira.de

02/20

GIRA